

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar
vegna íbúðarbyggðar í Holtahverfi.**

Skipulagsstofnun staðfesti 6. apríl 2021 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 16. febrúar 2021.

Í breytingunni felst endurskoðun á skipulagsákvæðum fyrir íbúðarbyggðir ÍB17 og ÍB18 í Holtahverfi vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á svæðinu. Á ÍB17 verður heimiluð uppbygging allt að tveggja hæða fjölbýlishúsa í stað fimm einbýlishúsa syðst á svæðinu. Á ÍB18 verður heimiluð uppbygging 200–400 íbúða í blandaðri byggð einbýlis-, rað- og fjölbýlishúsa.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 6. apríl 2021.

F.h. forstjóra,

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2021